

**165. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
21. júlí 2020 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurbórsdóttir fulltrúi, Jón Brynjólfur Ólafsson verkefnastjóri, Karl Jóhann Haagensen verkefnastjóri, Sindri Birgisson umhverfisstjóri, Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnarsýslu- og fjármálasviðs, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Þorgeir Hafsteinn Jónsson fjármálastjóri og Anna Heiðrún Jónsdóttir fulltrúi.

Fundargerð ritaði: Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fyrir tekið:

1. 2006235 - Deiliskipulag Akratorgsreitur - Suðurgata 119 og 121

Sótt er um breytingu á deiliskipulagi vegna hækkunar á þaki á lágbyggingu fyrir Suðurgötu 119 og 121. Óskað er eftir stækkun á bílskúr á Suðurgötu 119 og 121.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að grenndarkynnt verði skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir eigendum að Sunnubraut 30, Skagabraut 10 og Suðurgötu 115, 117, 120, 122 og 124.

2. 2006099 - Deiliskipulag Stofnanareits - Vogabraut 3 - stækkun á byggingarreit.

Grenndarkynnt var skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 17. júní til 16. júlí 2020, fyrir eigendum að Heiðarbraut 58, 60 og Vogabraut 1, 4 og 5. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

3. 1811216 - Deiliskipulag Breiðarsvæðis - Bárugata 15

Lagður fram skipulagsuppdráttur af Breiðarsvæði vegna Bárugötu 15

Lagður fram uppdráttur að deiliskipulagsbreytingu við Bárugötu 15. Sigurði Páli Harðarsyni sviðsstjóra falið að koma á framfæri við skipulagshöfund ábendingum er varðar deiliskipulagið og breytingar sem gera þarf á aðalskipulagi til samræmis.

4. 2006228 - Jaðarsbakkar - hönnun

Minnisblað frá Ívari Pálssyni lögmanni.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að leggja til við bæjarráð að Ask arkitektar ljúki arkitektahönnun á áfanga 1 við Jaðarsbakka.

5. 2007156 - Vinnuskólinn - Starfssemi 2020

Ása Katrín fer yfir stöðu mála.

Skipulags- og umhverfiráð þakkar Ásu Katrínu Bjarnadóttur yfirverkstjóri vinnuskólans og Sindra Birgissyni umhverfisstjóra góða yfirferð um starfsemi vinnuskólans á starfsárinu 2020.

6. 1911181 - Deiliskipulag - Garðabraut 1

Lögð fram fundargerð kynningarfundar sem haldinn var 16.7.2020.

7. 2004155 - Deiliskipulag Stofnanareits - Kirkjubraut 39 breyting

Lög fram fundargerð kynningarfundar sem haldinn var 16.7.2020.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:15.